



## TILLAGA

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

### ***Stytting bílastæðis við Skólavörðustíg 45.***

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að stytta svæði samsíða bílastæða við Skólavörðustíg, fyrir framan hús nr. 45, um sem nemur einni bíllengd. Í stað þess verði núverandi gróðurbeð við enda götunnar stækkað og því breytt í blágrænt ofanvatnsbeð.

Greinargerð:

Um er að ræða stækkun á núverandi gróðurbeði efst á Skólavörðustíg. Breytingin er að beiðni og í samstarfi við Veitur í tengslum við endurnýjun á hitaveitu á svæðinu. Þar sem regnvatn er ekki aðskilið frá skólpi í núverandi fráveitukerfi á svæðinu, var ákveðið að bæta blágrænum ofanvatnslausnum við framkvæmdina, m.a. framangreindri stækkun og breytingum á gróðurbeði við enda Skólavörðustígs.

Virðingarfyllt,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
*samgöngustjóri*

Hjálagt:

1. Teikning: Skýringarmynd, regnbeð og aflagning bílastæðis í Skólavörðustíg.



Reykjavíkurborg



Skýringarmynd. Áætlað regnbeð merkt með grænum lit.